

Unibiblioteknum
Ár.
28 APR. 2005
40
Div. US720050200056

Grænt bókhald

Skýrsla
2004

Efnamóttakan hf.
kt. 691298 – 2729
Flokkur 5
Gufunesi
112 Reykjavík

Efnisyfirlit

Staðfesting stjórnar	bls. 1
Staðfesting endurskoðenda	bls. 2
Inngangur	bls. 3
Almennar upplýsingar um fyrirtækið	bls. 4
Starfsleyfi	bls. 4
Fyrirtækið Efnamóttakan hf	bls. 4
Stöðugildi hjá Efnamóttökunni hf	bls. 4
Hlutverk Efnamóttökunnar hf	bls. 5
Tímabil yfir grænt bókhald	bls. 5
Umhverfisstefna	bls. 6
Umhverfismál hjá Efnamóttökunni hf	bls. 6
Reykingar	bls. 6
Lágmarka lagerhald	bls. 6
Lokað frárennsliskerfi	bls. 6
Safnpró fyrir affall af gólfí í húsi	bls. 6
Safnpró fyrir affall af útiplani	bls. 7
Rotpró fyrir frárennsli frá snyrtingu	bls. 7
Staðsetning efna og geymsla	bls. 7
Breytur um auðlindanotkun í grænu bókhaldi	bls. 7 - 8
Lokaorð	bls. 9

Staðfesting stjórnar.


Stjórn Efnamóttökunnar hf. samþykkti umhverfisstefnu 10. október 2003 en í henni koma fram áherslur fyrirtækisins í umhverfismálum (sjá bls. 6). Umhverfisstefnan hefur verið höfð að leiðarljósi í starfsemi fyrirtækisins.

Skráning græns bókhalds er einn hlekkur af mörgum til, að fylgjast með þáttum í starfsemi fyrirtækisins sem hafa áhrif á umhverfið og hægt er að nota það sem hjálpartæki við markmiðasetningu atriða er varða umhverfi okkar og auðlindir.

Starfsemi fyrirtækisins var með eðlilegum hætti á árinu 2004, að því undanskyldu að eldur kom upp þegar verið var að hakka í dósahakkara. Sá atburður var tilkynntur til Umhverfisstofnunar og Umhverfis- og heilbrigðistofu Reykjavíkur. Slökkvibúnaður hefur verið settur upp fyrir ofan síloðið þannig nú er hægt að kæfa eld strax, ef sílkt óhapp kemur fyrir aftur.

Framkvæmdastjóri Efnamóttökunnar hf. staðfestir hér með fyrir hönd stjómar skýrsla um grænt bókhald með undirritun sinni.

Reykjavík, apríl 2005.



Gunnar Bragason
framkvæmdastjóri.

Staðfesting endurskoðenda.**Til stjórnar Efnamóttökunnar hf.**

Við höfum endurskoðað skýrslu um grænt bókhald Efnamóttökunnar hf. fyrir árið 2004 en hún hefur að geyma yfirlýsingu framkvæmdastjóra, yfirlit um orku og hráefnanotkun ásamt öðrum upplýsingum um hvernig umhverfismálum starfseminnar er háttar. Skýrslan er lögð fram af stjórmendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álti sem við látum í ljós á skýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg vissa fáist um að tölur sem gefnar eru upp í skýrslunni séu réttar og í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins. Endurskoðunin felur í sér athuganir á gögnum í fjárhagsbókhaldi til að sannreyna að fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársrekningnum séu í samræmi við skýrslu um grænt bókhald. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að skýrsla um grænt bókhald sé í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins á árinu 2004, og aðrar upplýsingar sem í henni koma fram séu rétt fram settar.

Reykjavík, apríl 2005.

Grant Thornton endurskoðun ehf.

Ólafur G. Sigurðsson
löggiltur endurskoðandi

Inngangur

Þetta er annað árið sem Efnamóttakan hf. færir grænt bókhald samkvæmt lögum nr. 851/2002.

Á árinu 2004 hafa ekki hafa orðið neinar afgerandi breytingar frá árinu 2003 varðandi starfsemi og umhverfismál fyrirtækisins.

Grænt bókhald er verkfæri til að halda utan um ákveðna umhverfispætti og með því að skoða niðurstöður hverju sinni er hægt að setja sér ný markmið.

Árið 2004 komu inn nýjar breytur í græna bókhaldinu sem tengjast starfsleyfinu en það eru plast og plasthettur yfir rafgeymakör sem eru til útflutnings. Þá var í lok ársins 2004 smíðað skýli yfir rafgeymakör til að verja þau enn betur.

Efnamóttakan hf. þjónustar viðskiptavini sína með því að sækja til þeirra úrgang. Bíllinn sem notaður er í það gengur bæði fyrir bensíni og metangasi en áhersla er lögð á notkun metangass.

Fyrirtækið hefur fjárfest í nýrri bifreið en við kaupin voru höfð í huga umhverfissjónarmið en bifreiðin gengur bæði fyrir bensíni og metangasi. Við kaup á öðrum tækjum og áhöldum vegna starfseminnar er ávallt hugað að umhverfissjónarmiðum.

Efnamóttakan hf. var stofnuð 17. desember 1998. Fyrirtækið er í leiguþúsnæði í eigu SORPU bs., og eru mengunarvarmir fyrirtækjanna að hluta til sameiginlegar s.s. safnþró o.fl. Þá er sameiginleg lögð á köldu vatni.

Í skýrslunni eru almennar upplýsingar um fyrirtækið og greint er frá hvemig umhverfismálum er háttáð hjá fyrirtækinu. Einnig er sagt frá hlutverki fyrirtækisins og hvaða leið hver úrgangsflokkur fer.

Efnamóttakan hf

Almennar upplýsingar um fyrirtækið.

Grænt bókhald

Starfsleyfi:

Gildistími fyrir starfsleyfið sem Umhverfisstofnun gefur út er til 1. febrúar 2016 og það er endurskoðað á 4. ára fresti. Eftirlitsaðili er Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkur.

Fyrirtækið Efnamóttakan hf.:

Efnamóttakan hf., var stofnuð þann 17. desember 1998 og heimilisfang er Gufunes, 112 Reykjavík.

Eigendur í árlok 2004 eru:

Sorpa bs.,
Endurvinnslan hf.,
Fura ehf.,
Gámaþjónustan hf.,

Stjórnendur eru:

Frá Sorpu bs.	Ögmundur Einarsson, stjórnaformaður
Frá Endurvinnslunni hf.	Hermann Ottósson
Frá Furu ehf.	Eiríkur Hannesson
Frá Gámaþjónustunni hf.,	Haraldur Ólason
	Benóný Ólafsson

Stjórin kemur saman einu sinni í mánuði. Framkvæmdastjóri er Gunnar Bragason sem starfar í umboði stjómar á milli stjómafundar.

Stöðugildi hjá Efnamóttökunni hf.:

Hjá fyrirtækinu störfuðu 9 starfsmenn í 8,8 stöðugildum í lok ársins 2004.

Hlutverk Efnamóttökunnar hf.

Hlutverk Efnamóttökunnar hf. er að taka við spilliefnum og öðrum úrgangi sem þarf sérstaka meðhöndlun frá einstaklingum og fyrirtækjum og sjá um að endurvinna og/eða eyða þeim á faglegan og öruggan hátt.

Félagið tekur á móti spilliefnum og eða öðrum úrgangi sem þarf sérstaka meðhöndlun og leitast við að meðhöndla hann sem á faglegan, öruggan og traustan hátt fyrir menn og náttúru.

Efnamóttakan hf., endurvinnur og/eða eyðir eftir efnum innanlands og erlendis í samvinnu við örugga og trausta aðila.

Þau efni sem fara í endurvinnslu eða eyðingu innanlands eru eftirfarandi:

- **Akranes Sementsverksmiðjan hf.**
Framköllunarvökvar í brennslu.
Leysiefni í brennslu.
- **Örfirisey**
Olíuúrgangur er fluttur með Uppdælingu ehf. til Oliufélaganna í brennslu.
- **Fura**
Rafeindabúnaður í endurvinnslu.
Brotamálmur í endurvinnslu.
- **Sorpeyðingastöð Suðumesja (Kalka)**
Sóttmengað í brennslu.
Oliusori í brennslu.
- **Sorpa bs.**
Vatnsleysanleg málning, matarolia, rafhlöður (samkvæmt flokkun) og ýmsar umbúðir eru urðaðar í Álfnesi.
Hjólbarðar fara í urðun og eru einnig notaðir í drenlag á urðunarstöðum.

Þau efni sem fara í endurvinnslu eða eyðingu erlendis eru eftirfarandi:

- **Boliden Bergsöe**
Rafgeymar í endurvinnslu.
- **Uniscrap**
Ísskápar í endurvinnslu.
Prentplötur úr tölvum í endurvinnslu.
- **Kommunekemi í Danmörk**
Öll efni sem eiga sér ekki annan farveg í endurvinnslu, eyðingu eða brennslu.

Tímabilið yfir grænt bókhald

Grænt bókhald er það sama og reikningsárið eða frá 1. janúar ár til 31. desember ár hvert.

Umhverfisstefna.

Stjórn Efnamóttökunnar hf. samþykkti umhverfisstefnu til nánari skýringar á áherslum fyrirtækisins í umhverfismálum.

Eftirfarandi stefnumarkmið eru höfð að leiðarljósi við alla vinnu í fyrirtækinu.:

- Að öll aðstaða fyrirtækisins þ.m.t.. byggingar og önnur mannvirki á lóð, lóðafrágangur, frárennsli og ræktun lóðar sé til fyrirmynðar.
- Að öll vinnuaðstaða starfsmanna sé til þess fallin að starfsmönnum liði sem best við störf hjá fyrirtækinu.
- Að með vali á rekstrarvörum og við tækjakaup sé reynt að lágmarka úrgang og mengun.
- Að fylgjast með þróun í umhverfismálum, innleiða nýjar aðferðir og vinna stöðugt að umbótum í umhverfisstjórnun.
- Að efla umhverfisvitund starfsmanna og hvetja þá til þáttöku.
- Að nota hreina orkugjafa þar sem þess er kostur.
- Að draga úr pappírsnotkun félagsins , flokka og endurvinna þann pappír sem til fellur og nota endurunnar vörur sé þess kostur.
- Að finna hagkvæmar lausnir á þeim viðfangsefnum sem fyrirtækið tekst á við á hverjum degi og gæta þess að þær séu í fullri sátt við náttúru landsins og samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem í gildi eru á hverjum tíma.

Umhverfismál Efnamóttökunnar hf er háttað þannig:

Reykingar:

Reykingar eru stranglega bannaðar á vinnusvæði Efnamóttökunnar hf.

Lágmörkun á lagerhaldi:

Leitast er við að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum með því að lágmarka allt lagerhald en það er gert með því að koma úrgangi eins fljótt og kostur er í viðeigandi farveg hvort sem það er endurvinnsla eða eyðing.

Lokað frárennsliskerfi:

Frárennsli frá Efnamóttökunni hf., er í lokuðu frárennsliskerfi sem tengist frárennsliskerfi móttökustöðvar Sorpu bs.

Safnþró fyrir affall af gólfí í húsi:

Safnþró fyrir affall af gólfí í húsi er $5m^3$ að stærð og í henni er 1000 lítra ker.

Ef efni hellist niður og það hefur skaðleg umhverfisáhrif er dælt upp úr þrónni og innihaldinu komið fyrir í tunnum og þeim komið í eyðingu.

Við eðlilegar aðstæður er safnþróin tæmd og dælt úr henni í gildrur sem tengjast móttökustöð Sorpu bs.

Efnamóttakan hf

Grænt bókhald

Safnþró fyrir affall af útiplani:

Safnþró fyrir affall af útiplani er $2 \times 10m^3$ að stærð og tekur við öllu sem rennur af vinnuplani úti.

Ef efni hellist niður og það hefur skaðleg umhverfisáhrif er dælt upp úr þrónni og innihaldinu komið fyrir í tunnum og þeim komið í eyðingu.

Fylgst er með safnþrónni í gegnum niður föll á plani og þegar ákveðið magni er náð er hleypt úr þrónni niður í gildrur sem tengjast móttökustöð Sorpu bs.

Gildrumar eru þrjár:

- Gróf síun
- Oliugildra
- Sandgildra

Rotþró fyrir frárennsli frá snyrtingu:

Ef óhapp verður sem veldur flóði og efni sem hafa skaðleg umhverfisáhrif komast í þrónni þá er dælt upp úr henni og innihaldinu komið fyrir í tunnum og í eyðingu.

Staðsetning efna og geymsla:

Á vinnusvæðinu er leitast við að fylgja eftir IMO- og ADR- reglum varðandi uppröðun efna.

Breytur um auðlindanotkun í grænu bókhaldi.

2004

Breyta	Notkun	Eining
Rafmagn	197.664,8	kWh
Heitt vatn	9.156,0	m ³
Bensín	523,4	l
Metangas	4.309,4	l
Plast v/rafgeyma	300,0	m
Brettahettur v/rafgeyma	120,0	stk

2003

Breyta	Notkun	Eining
Rafmagn	194.647,20	kWh
Heitt vatn	8.723,00	m ³
Bensín	945,71	l
Metangas	3.995,35	m ³

Efnamóttakan hf

Grænt bókhald

Ekki hefur orðið nein áberandi aukning á magni milli ára. Tvær nýjar breytur eru í græna bókhaldi félagsins en það eru brettahettur og plast en það er notað til að breiða yfir rafgeymakör. Plast hefur verið notað áður en vegna ákvæðis sem er í starfleyfi þykir rétt að sýna notkun þess.

Kvartanir:

- Sjón mengun
- Hávaði
- Lykt
- Fok

Ekki komu fram neinar kvartanir á árinu 2004 og ekki urðu nein vinnuslys á árinu 2004.

Eins og fram hefur komið varð óhapp í dósaþakkara og eldur braust út. Á árinu var gerðar ráðstafanir til að auka öryggi með því að setja slökkvibúnað fyrir ofan síloíð sem kemur til með að dæla froðu og kæfa eld strax ef slíkt óhapp yrði aftur.

Magntölur sem fram koma í grænu bókhaldi eru unnar upp úr reikningum frá birgjum .

Efnamóttakan hf

Grænt bókhald

Lokaorð

Þetta er annað árið sem Efnamóttakan hf. skráir grænt bókhald en á komandi árum mun fyrirtækið hugsanlega skoða fleiri breytur sem snerta auðlinda- og hráefnisnotkun.

Umhverfisstefna og skráning græns bókhalds eru leiðarljós fyrirtækisins varðandi áherslur í umhverfismálum.

Umhverfismál eru mikilvægur þáttur í starfsemi hvers fyrirtækis, og eru þar af leiðandi í stöðugri endurskoðun varðandi hvað og hvernig er hægt að gera betur og því er gott að hafa að leiðarljósi “í upphafi skal endinn skoða”.